

## Fundargerð

### 8. fundur stjórnar LH haldinn 6. apríl 1998 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Birgir Sigurjónsson formaður LH setti fund og bauð fólk velkomið. Halldór Gunnarsson ritaði fundargerð.

Þessir voru mættir: Birgir Sigurjónsson, Jón A Sigurbjörnsson, Halldór Gunnarsson Sigurgeir Bárðarson, Sigrún Ólafsdóttir, Bergur Jónsson, Sigurður Ragnarsson (fyrsti varamaður í stað Sigriðar Sigþórsdóttur), Sigfús Ó Helgason, Haraldur Þórarinsson, Oddný Jónsdóttir, Sigurður Marínusson.

#### 1. mál

Fundargerð 7. fundar (símafundur) lesin og samþykkt athugasemdalaust. Fundargerð 6. fundar verður tekin fyrir á næsta fundi stjórnar til samþykktar.

#### 2. mál

Hitasóttin, stöðurnat.

Formaður gerði í stuttu máli grein fyrir helstu þáttum málsins og vitnaði í máli sínu m.a. til fundar sem haldinn var fyrir skömmu í Reykjavík um hitasóttina. Þann fund sátu m.a. fulltrúar hagsmunaaðila í hestamennsku, hrossarækt, hestaserða og fleiri. Mikill þrýstingur er á yfirdýralæknisembættið um að vinna að því að þær varnarlinur sem þegar hafa verið settar til að hefta frekari útbreiðslu sóttarinnar verði aflagðar.

Stjórnarmenn ræddu málið á brciðum grundvelli með sjónarmið ýmissa hagsmunaaðila í huga m.a. landsmótið á Melgerðismelum 8.-12. júlí n.k. og urðu sammála um eftirfarandi ályktun:

**Landsmót hestamanna verður haldið 8.-12. júlí n.k. að Melgerðismelum í Eyjafirði.** Allar varnarlinur vegna hrossasjúkdóma/hitasóttar verða þar með felldar niður. Stjórn LH telur að stefna skuli að niðurfellingu varnarlínna svo fljótt sem er faglega verjandi að mati dýralækna og m.t.t. dýraverndunarsjónarmiða. Ályktun þessari er beint til fundar hagsmunaaðila haldinn þ. 8. apríl 1998.

Ályktuninni fylgir rökstuðningur í 7 liðum.

Í umræðum um hitasóttina kom fram að LH sendi upplýsingar um veikina til skrifstofu FIEF og til íslenskra sendiráða erlendis þann 24. mars sl. Með bréfi LH. fylgdi grcinargerð yfirdýralæknis. Stjórnarmenn lögðu áherslu á að nauðsynlegt sé að kynna þetta mál enn frekar erlendis m.a. í FIEF löndunum og sendiráðum Íslands.

### 3. mál

#### Kynningar- og útbreiðslunefnd

Sólveig Ólafsdóttir formaður kynningar- og útbreiðslunefndar LH kom inn á fundinn til að kynna stjórnarmönnum þau verkefni sem nefndin hefur unnið að síðan hún tók til starfa.

Fram kom hjá Sólveigu að nefndin vinnur ötulllega að ýmsum verkefnum sem tengjast þessum málaflokki þ.e. kynningu á íslenska hestinum og á hestamennsku í viðu samhengi.

Helstu verkefnin sem nefndin hefur hugað að eru þessi:

#### Bæklingur:

Nefndin hefur áhuga fyrir að láta þýða bækling sem Félag hrossabænda gaf út á íslensku og dreifa honum á kynningarfundum til barna og unglingsa sem fyrirhugað er að halda m.a. í skólamundsþáttum landsins í samvinnu við hestamannafélögin á hverjum stað. Kostnaður við útgáfu á 5000 eintökum er u.p.b. kr. 80.000. (þýðing og prentun). Stjórn LH lýst mjög vel á hugmyndina og samþykkti að greiða ofannefndan kostnað. Leyfi Félags hrossabænda hefur þegar verið fengið til að nota hæklinginn í þessu skyni.

#### Vefgerð:

Sólveig kynnti tilboð frá STAK ehf. (hugbúnaðarfyrirtæki) þar sem LH er gert tilboð í vefgerð fyrir Landssamband hestamanna-félaga Um er að ræða two möguleika - sjálfstæðan vef fyrir LH sem kostar kr. 350.000 eða útfærslu innan Faxavefsins fyrir kr. 200.000 auk virðisaukaskatts í báðum þessum dæmum (sjá bréf frá STAK). Þá býður fyrirtækið einnig tímagjald fyrir árlegar uppfærslur og aðrar nauðsynlegar breytingar.

Í umræðum kom fram hjá stjórn LH að nauðsynlegt sé að lands-sambandið hafi sjálfstæðan vef. Með tengingu LH inn á internetið hafi fólk bæði innanlands og erlendis afar góðan aðgang að fjölmörgum upplýsingum um starfsemi LH og skyld mállefni.

Tölvumál og tenging LH við internetið hafa verið til umræðu á fundum stjórnna landssambandsins undanfarin misseri. Áður en af þessu getur orðið telur stjórnin nauðsynlegt að útvega fjármagn til þessa verkefnis.

#### Tölvuforrit fyrir móta hald

Sólveig sagði frí því að nefndin hefði kynnt sér tölvuforrit fyrir móta hald. Forritið er afar öflugt og gæti í framtíðinni orðið mikill gagnabanki fyrir keppnisferil hrossa og gæti tengst tölvuforritinu Feng sem notað er hjá Bændasamtökum Íslands.

Stjórnarmenn sýndu þessu mikinn áhuga og óska eftir að nefndin leiti leiða til að fjármagna kaup LH á þessu forriti sem kostar

um kr. 500.000. Sólveig taldi möguleika á því að þetta reki sig sjálfst í framtíðinni m.a. með tekjumi af islands- og landsmótaum.

### **Plakat**

Þá greindi Sólveig frá því að nefndin vinnur að gerð plakats til að herða áróður fyrir því að fólk nofki reiðhjálma og endurskinsmerki á hestbaki. Kostnaður við þetta verkefni er áætlaður kr. 120.000 – 180.000. VÍS og Sjóvá/Almennar hafa þegar lofað að fjármagna þetta verkefni fyrir LH.

### **Logo fyrir LH**

Nefndin hefur áhuga fyrir því að LH láti hanna nýtt merki fyrir landssambandið. Stjórnin felur nefndinni að skoða málið frekar og leggja fyrir stjórnarfund hugmyndir að ákveðnu vinnuferli í mál-inu. Rætt var um að til greina komi að velja á milli hugmynda að merki á næsta ársþingi LH sem haldið verður á Akureyri á hausti komanda.

Fleira bar á góma í viðræðum við Sólveigu meðan hún sat fundinn. Stjórnarmenn þökkuðu henni komuna á fundinn og lýstu yfir ánægju með störf kynningar- og útbreiðslunefndar sem eins og fram kom á fundinum vinnur ötullega að þessum málflokkum.

### **4. mál**

#### **Kvikmyndun LM'98**

Formaður kynnti bréf dagsetti 26. mars sl. frá Samver hf. og Saga film hf. þar sem fyrirtækin svara LH um hvernig þau hyggjast uppfylla skilyrði þau sem stjórn LH setti fram varðandi kvikmyndun mótsins. Stjórn LH list vel á viljayfirlýsingum þá sem fram kemur í bréfinu og felur framkvæmdastjórn LM'98 og fulltrúa stjórnar LH Halldóri Gunnarssyni að ljúka samningsgerð við Samver svo fljótt sem auðið verður.

### **5. mál**

#### **LM 2000**

Formaður gerði grein fyrir þeim viðræðum sem fulltrúuar stjórnar LH áttu við fulltrúa Fáks um landsmótið í Reykjavík árið 2000 þann 22. mars sl. Í framhaldi þess fundar barst LH bréf dagsett 25. mars sl.

Í bréfinu setur Fákur fram hugmyndir að leiðum "sem ræddar hafa verið um fyrirkomulag landsmóts árið 2000 "(sjá bréf Fáks).

Stjórn LH telur mikilvægt að þetta móti eins og hin fyrri verði haldið á félagslegum grunni þ.e. að hestamannafélögini ásamt LH séu hinn raunverulegi móthaldari enda mótið haldið í nafni Landssambands hestamannafélaga.

Niðurstaða umræðna um málið var að fela fulltrúum LH þeim Birgi, Sigríði og Sigurði R. að ræða aftur við fulltrúa stjórnar Fáks í framhaldi af bréfi þeirra og fyrri viðræðum í þeim anda að sem flest hestamannafélög á Suðvesturlandi verði rekstraraðilar mótsins.

Í framhaldi þessa mun stjórn LH hlutast til um að hið fyrsta verði boðað til fundar með þeim hestamannafélögum sem óska eftir rekstraraðild þar sem rekstrarform verði ákveðið og framkvæmdanefnd stofnuð.

Í tengslum við þetta mál ákvað stjórn LH að skipa nefnd til að endurskoða núverandi reglur LH um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta og skila tillögum til stjórnar fyrir 1. ágúst .n.k.

Eftirtaldir voru tilnesmdir í nefndina:

Sveinbjörn Sveinbjörnsson Gusti, Sveinbjörn Eyjólfsson Herði, Haraldur Þórarinsson Sleipni (kallað nefndina saman). Stjórnin mun óska eftir því við Félag hrossabænda að félagið tilnefni einn fulltrúa í nefndina.

## 6. Önnur mál

- a) Formaður kynni bréf frá hestamannafélönum Andvara, Gusti, Herði og Sörla þar sem þau óska svara stjórnar LH við nokkrum spurningum er varða fyrirhugað landsmót árið 2000.  
Samþykkt að fulltrúar LH (Birgir, Sigríður og Sigurður R) taki saman skrifleg svör fyrir félögin hið fyrsta.
- b) Formaður las bréf frá Fáki dagsett 25. mars sl. þar sem Fákur gerir athugasemdir til stjórnar LH varðandi umfjöllun um sundinn þann 22. mars sl. (sjá hér að framan) í Mbl. 24.03. sl. Formanni LH falið að svara þessu bréfi Fáks.
- c) Sigurgeir gerði grein fyrir fjárhagsstöðu LH en reikningar fyrir árið 1997 verða tilbúnir fyrir næsta stjórnarfund.  
Fram kom að sjóðstreymi frá 1. janúar. til 1. apríl 1998 er kr. 1.638.840 en ógreiddir reikningar eru um 500.000. Ógreiddir reikningar frá síðasta ári eru kr 910.000.
- d) Formaður sagði frá því að búið væri að ráða Sigrúnu Ógmundsdóttur í 50 % starf á skrifstofu LH, en hún var valin úr hópi fjölmargra umsækjanda um þetta starf.
- e) Formaður sagði frá því að samgöngu- og ferðanefnd LH væri að undirbúa fund í Reykjavík um reiðvegamál með trúnaðarmönum LH í þessum málaflokki. Stjórnarmenn töldu mikilvægt að koma þessum fundi á hið fyrsta.

- f) Formaður dreifði til stjórmarmanna greinargerð frá framkvæmdastjórn LM '98 þar sem fjallað er um undirbúning mótsins, en hann hefur staðið yfir frá því boðað var til fyrsta fundar á Akureyri 8. maí 1996. Fundinn sátu fulltrúar þeirra félaga sem hugðust standa að mótinu ásamt stjórn LH. Undirbúningur hefur gengið samkvæmt áætlun þrátt fyrir ýmis neikvæð áhrif af völdum hitasóttarinnar eins og gefur að skija.
- h) Formaður las bréf sem stjórn LH hafði borist frá Hallgrími Jónassyni dagsett 6. apríl sl. Bréfið varðar fjármál LH – sameinugu fjárhagsbókhalds LH og HÍS., ráðningu löggilts endurskoðanda, innheimtu á útistandandi kröfum o.fl. Stjórnin var sammála þessum hugmyndum og felur gjaldkera og skrifstofunni að ganga í þessi mál í samráði við formann LH.
- i) Formaður kynnti bréf frá Landbúnaðarráðuneytinu þar sem óskað er eftir að LH setji fram skoðanir sínar á þingsályktun frá 16. mars sl. um lagabætur til að takmarka fjölda hrossa og hrossabeit í úthaga með tilliti til jarðvegsverndar og hóflegrar nýtingar gróðurlendis. Bréfinu vísað til landnýtingar- og umhverfisnefndar LH.
- j) Formaður greindi frá því að formannasundur sambandsaðila ÍSÍ yrði haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 30. apríl n.k. Birgir mun sækja fundinn.
- k) Jón Albert gerði grein fyrir því að Landbúnaðarráðuneytið hefði óskað eftir að leigja skrifstofuaðstöðu hjá LH fyrir einn starfsmann til að undirbúa íslenska daga á heimsmeistaramóti íslenskra hesta sem haldið verður í Þýskalandi sumarið 1999. Stjórnin telur mikilvægt að eiga þessa samvinnu við ráðuneytið samþykkti að fela Jóni Albert að ganga frá málinu hið fyrsta.
- l) Sigfús Helgason greindi frá því að föstudaginn 3. apríl sl. hefði dómping Héraðsdóms Norðurlands eystra úrskurðað í deilumáli hestamannafélaganna Léttis og Funa gegn Eiríki S Helgasyni Ytra-Gili, Eyjafjarðarsvcit.
- Úrskurðarorð:**
- Kröfum gerðarbeiðanda hestamannafélaganna Funa og Léttis, um að fjarlægð verði öll mannvirkni og hindranir hverju nafni sem nefnast, sem komið hefur verið fyrir á gamla þjóðveginum í landi Ytra-Gils í Eyjafjarðarsveit, með beinni aðfarargerð, er hafnað.
- Á fundinum vannst ekki tími til að fjalla um þá alvarlegu stöðu sem

upp er komin í reiðvegamálum í Eyjafjarðarsveit. Það mun verða gert síðar. Málinu vísad til ferða- og umhverfisnefndar LH til frekari skoðunar og aðstoðar eyfirsku hestamannafélögunum.

Fleira rætt en ekki fært til hókar.